

Þátttaka Íslands í 6. og 7. rannsóknáætlunum ESB

Meginniðurstöður og tillögur

með lokaskýrslu matshóps mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Apríl 2012

Inngangur

Í byrjun desember 2011 skipaði Mennta- og menningarmálaráðherra matshóp til að meta árangur Íslands í 6. og 7. rannsóknáætlun ESB frá 2003 til 2011 og gera tillögur til að auka sókn og árangur. Skýrsla matshópsins byggir á spurningakönnun sem gerð var haustið 2011, greiningu Rannís á þátttöku Íslands í áætlununum frá 2003 til 2011 sem lá fyrir í mars 2012 og viðtölum sem voru tekin í desember 2011 til janúar 2012 ásamt greiningu á öðrum gögnum sem matshópurinn hafði aðgang að.

Meginniðurstöður

Þátttaka í rannsóknáætlununum hefur valdið ákveðnum kaflaskiptum í rannsóknum og þróun á Íslandi. Það er einróma álit einstaklinga innan háskólasamfélagsins, stjórnáætlunar og atvinnulífsins, að þátttakan hafi leitt til stóru aukins alþjóðlegs samstarfs, opnað íslenskum vísindamönnum aðgang að þekkingu og aðstöðu sem ekki var fyrir hendi hér á landi, og skilað sér í auknum gæðum rannsókna, nýsköpun hjá fyrirtækjum og bættri samkeppnishæfni. Áhrifanna gætir einna mest á þeim sviðum þar sem Ísland er sterkt og hefur mikil áhrif á þann árangur sem íslenskt vísindafólk hefur náð á alþjóðlegum vettvangi, sem má m.a. sjá í fjölda birtinga í samstarfi við alþjóðlega vísindahópa. Fyrirtækin sem taka þátt hafa ávinning af rannsóknasamstarfi við mótun framtíðarþróunar og bæta samkeppnisstöðu sína. Umfang rannsókna á Íslandi er umtalsvert meira vegna þátttöku í rannsóknáætlununum. Á tímabilinu frá 2003 til fyrsta ársfjórðungs 2012 er búið að semja um styrki upp á tæplega 3,5 milljarða króna meira en greitt er fyrir þátttöku í áætluninni á sama tíma¹. Þrátt fyrir þessi augljósu jákvæðu áhrif er alþjóðasamstarf um rannsóknir og þróun ekki áberandi í opinberri stefnu um rannsóknir og nýsköpun. Þó nýjasta stefna Vísinda- og tækniráðs taki ákveðið skref í þessa átt þá eru þau frekar almenn og lítið útfærð.

Eitt rannsóknasvið sker sig úr þegar styrkuppþæðir eru skoðaðar. Undiráætlanir um erfðafræði og heilbrigðisvísindi í 6. og 7. rannsóknáætlun skila 1/3 af öllum styrkjum til Íslands úr áætlununum tveimur, samtals 3,4 milljörðum króna. Að auki er umtalsverður hluti styrkja úr Marie Curie áætluninni (mannauðsáætluninni) á þessu sviði og eini styrkurinn sem hefur komið frá *Evrópska rannsóknaráðinu* er á þessu fræðasviði. Umhverfis og orkuvísindi eru líka mjög sterk með 1,4 milljarða í styrki. Stærsta breytingin milli 6. og 7. rannsóknáætlunar er í mannauðsstyrkjum, Marie Curie styrkjum. Styrkir til Íslands eru samtals 1,8 milljarðar, þar af 1,4 milljarða úr 7. rannsóknáætlun. Skýringin er einföld: Mikil fjölgun góðra umsókna.

Öllu slakari er þátttakan í upplýsingatækni og í áætlunum fyrir efnis- og örvisindi. Margar umsóknir í upplýsingatækni hafa skilað fáum og lágum styrkjum en hins vegar er lítil sókn í efnis- og örvisindum, þó að markáætlun á sviðinu hefi verið sett á laggirnar fyrir nokkrum árum. Þrátt fyrir 31 umsókn í Evrópska rannsóknaráðið hefur aðeins fengist einn styrkur til Íslands, sem er rúmlega 3% árangur þegar árangurshlutfall í áætluninni almennt er milli 10 og 15% (fyrir utan fyrsta árið þegar hlutfallið var mun lægra). Hér þarf greinilega að styrkja sóknina.

Eitt fyrirtæki sker sig úr þegar styrkuppþæðir eru skoðaðar. Íslensk erfðagreining ehf. fær 80% allra styrkja til fyrirtækja úr 7. rannsóknáætlun og 40% allra styrkja til Íslands úr áætluninni, eða 2,6 milljarða króna. Fyrirtæki fá 44% allra styrkja úr 7. rannsóknáætlun (tölur um þátttöku fyrirtækja í 6.

¹ Miðað við gengi 165 kr. fyrir evruna.

rannsóknáætlun eru ekki marktækar), sem er mjög hátt í samanburði við önnur lönd, en að baki eru fá fyrirtæki og því ástæða til að hafa áhyggjur af þátttöku fyrirtækja í rannsóknáætlunum og nýliðun meðal umsækjenda. Séu styrkir til Íslenskrar erfðagreiningar teknir út fyrir sviga þá lækkar þátttökuprosenta fyrirtækjanna niður í um 14%, sem er langt undir meðaltali annarra landa.

Alþjóðasvið Rannís ber meginþungann af stuðningi við rannsóknáætlanirnar en til að efla stuðning við minni fyrirtæki, sem er mikilvægt, verða Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins ásamt öðrum hagsmunaaðilum að sýna málinu miklu meiri áhuga. Það getur ekki bara verið á höndum hins opinbera að stuðla að aukinni þátttöku fyrirtækja. Stuðningur og þjónusta Rannís er almennt mjög góð og eru umsækjendur og styrkþegar almennt ánægðir með hana og ánægðari en með stuðning annarra aðila sem eiga að sinna þjónustu vegna RÁ. Stuðningurinn einskorðast hins vegar fyrst og fremst við upplýsingagjöf, kynningar og námskeið og stofnunin hefur ekki bolmagn til að veita meiri þjónustu. Það er full þörf á að efla stuðning við ritun umsókna, rekstur verkefna og eftirfylgni þeirra. Stærri háskólar, stofnanir og fyrirtæki eru fullfær um að gera þetta sjálf en minni aðilar þurfa meiri stuðning en er í boði í dag. Eins er mikilvægt að efla starfsemi kringum landstengiliði og stjórnarnefndarfulltrúa til að tryggja betur íslenska hagsmuni og upplýsingagjöf til hagsmunaaðila.

Eftir efnahagshrunið 2008 var dregið mjög úr starfsemi mennta- og menningarmálaráðuneytisins í Brussel, en öflug starfsemi þar er nauðsynleg til að koma íslenskum hagsmunum að og halda uppi öflugri upplýsingagjöf til stjórnvalda og hagsmunaaðila á Íslandi. Þetta á sérstaklega við á tímabili þegar ný rannsóknáætlun er í burðarliðnum, *Horizon 2020*.

Tillögur

Matshópurinn leggur tillögur sínar fram í þremur liðum: *Stefnumótun, stuðningur og styrkir & hvatar*.

1. Stefnumótun.

- a. Þátttaka í alþjóðlegum áætlunum, m.a. ERA-netum og öðrum áætlunum sem kalla á samfjármögnun, og alþjóðavæðing rannsókna og nýsköpunar á Íslandi þarf að vera mun ríkari þáttur í stefnu Vísinda- og tækniráðs sem og hjá Samtökum iðnaðarins, Samtökum atvinnulífsins og háskólunum. Almennri stefnumótun þurfa að fylgja skýr markmið og útfærsla á því hvernig markmiðunum skal hrint í framkvæmd. Ábyrgð: Vísinda- og tækniráð; Samtök iðnaðarins; Samtök atvinnulífsins; háskólarnir.
- b. Stjórnvöld, sérstaklega mennta- og menningarmálaráðuneytið, verður að efla viðveru sína í Brussel til að hafa meiri áhrif á stefnumótun RÁ, til að fá upplýsingar fyrir um hvernig áætlanir þróast og til að miðla þeim betur til hagsmunaaðila á Íslandi. Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- c. Tryggt verði að þeir sem sitja í stjórnarnefndum og landstengiliðir áætlana miðli upplýsingum til alls rannsóknasamfélagsins og að tekið verði mið af þessu við skipan fulltrúa í stjórnarnefndir. Ábyrgð: Rannís.

2. Stuðningur.

- a. Öll þjónusta við RÁ og aðrar evrópskar og alþjóðlegar áætlanir verði sameinuð á einum stað í samræmi við tillögur í skýrslunni *Tækifæri til sóknar*. Sameinuð þjónustuskrifstofa vinni í nánú samstarfi við fyrirtæki, samtök þeirra, háskóla og

stofnanir. Sérstök áhersla verði lögð á nýliðun í hópi umsækjenda hjá fyrirtækjum og öðrum. Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið.

- b. Til að efla sókn í RÁ, sérstaklega á sviðum sem koma ekki sterk út í RÁ í dag, er mikilvægt að efla samstarf innanlands um sókn. Sem dæmi um aðgerðir má nefna:
 - i. Vettvangur á netinu þar sem umsækjendur og styrkþegar deila upplýsingum og athugasemdum. Ábyrgð: Rannís.
 - ii. Stefnumót þar sem fyrirtæki með árangursríka reynslu af sókn í RÁ miðla upplýsingum og aðstoða minni fyrirtæki við sóknina. Ábyrgð: Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins í samstarfi við Rannís.
- c. Stærri háskólar og stofnanir taki upp markvissari stuðning og þjónustu innanhúss við sókn í RÁ og móti sér langtíma stefnu um sókn í RÁ og aðrar alþjóðlegar áætlanir. Ábyrgð: Einstaka háskólar og stofnanir.

3. Styrkir og hvatar.

- a. Sett verði á markáætlun til fimm ára sem hefur það markmið að byggja upp rannsóknahópa og efla sókn í RÁ (og aðrar stórar alþjóðlegar áætlanir). Markáætlunin leggi sérstaka áherslu á nýliðun í hópi umsækjenda og beiti fjölbreyttum tækjum til að styðja og hvetja til sóknar. Ábyrgð: Vísinda- og tækniráð og stjórn markáætlunar.
- b. Helstu samkeppnissjóðir, eða ný markáætlun, bjóði styrki til að hvetja þá sem eru með styrkt verkefni til að þróa alþjóðlegar styrkumsóknir úr verkefnunum (t.d. með framhaldsstyrk í eitt ár þegar verkefni er lokið ef það hefur leitt til styrkumsóknar í RÁ). Ábyrgð: Stjórnir Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs.
- c. Sóknarstyrkir verði eflir og endurskoðaðir. Sérstaklega þarf að huga að því að hvetja þá sem sækja um stóra styrki en fá ekki þrátt fyrir góðar umsóknir til að halda áfram að sækja. Þetta á sérstaklega við um styrki Evrópska rannsóknaráðsins. Ábyrgð: Rannís og stjórn Rannsóknasjóðs ásamt Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins.